



Faghópur I

Fundargerð 5. fundar

Náttúrufræðistofnun, 12. feb. 2009, kl. 10:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Hilmar Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll: Freysteinn Sigmundsson

Fundarfrásögn

1. **Vatnavistkerfi á jarðhitasvæðum** . Gestur fundarins var Jón Sigurður Ólafsson frá Veiðimálastofnun sem flutti kynningu um vatnavistkerfi á jarðhitasvæðum. (Skjámyndir hans fylgja fundargerð.) Meðal þess sem fram kom í kynningu Jóns:
 - a. Helstu áhrifavaldar á vatnavistkerfi jarðhitasvæða eru vatnshiti, sýrustig og efnasamsetning vatnsins.
 - b. Um er að ræða sérstæð vistkerfi sem bæði væru fágæt og oft einangruð.
 - c. Jón kynnti helstu innlendu rannsóknir á vatnavistkerfum jarðhitasvæða sem eru takmarkaðar. Kynnti rannsóknir á örverum, þörungum (frá 4. áratug síðustu aldar), háplöntum og mosum, smádýrum og almennar vistkerfarannsóknir.
 - d. Jón beindi sérstaklega augum að rannsóknum á heitum og köldum lækjum á þremur háhitasvæðum: Við Kröflu, í Miðdal (Hengilssvæði) og á Ölkelduhálsi. Samanburður leiddi m.a. í ljós að heita vatnið hafði mun meiri leiðni en það kalda en sýrustig (pH-gildi) var misjafnt; verulega lægra á Ölkelduhálsi en jafnara við Kröflu og í Miðdal. Við Kröflu og á Ölkelduhálsi reyndist þéttleiki botndýra mun minni í heitum lækjum en köldum en jafnari í Miðdal. Sömuleiðis reyndist fjöldi botndýrategunda vera minni í heitum lækjum en köldum við Kröflu og á Ölkelduhálsi en sem næst jafn í Miðdal. Þá gerði Jón grein fyrir fylgni vatnshita og fjölda plöntu- og smádýrategunda og þéttleika botndýrategunda. Í all flestum tilfellum fækkaði tegundum með hækkandi vatnshita og þéttleiki minnkaði sömuleiðis. Helstu frávik voru tvívængjur sem fækkaði lítið með hækkandi vatnshita (allt upp í rúmlega 80°C) og þéttleiki vatnabobba sem náði hámarki við 20°C en fækkaði hratt við hærri hita. (Sjá töflur, línu- og stöplarit í kynningu .)
 - e. Að lokum dró Jón saman stöðu rannsókna á vistkerfum íslenskra jarðhitasvæða og taldi að enn væri þekking á þeim lítil. Lághitasvæðum hefðu víða verið raskað og af 20 skilgreindum háhitasvæðum væru 10 ósnortin en á sjö þeirra væri vinnsla eða boranir hafnar. Hann vitnaði í markmið 2. áfanga rammaáætlunar þar sem sagði að lögð yrði áhersla á að fá heildarmat á sem flestum háhitasvæðum og verndargildi þeirra og minnti á ráðgjafahóp verkefnastjórnar áætlunarinnar er helgaði sig mati á háhitasvæðum.

2. **Fundargerð síðasta fundar.** Afráðið var að fresta samþykkt fundargerðar síðasta fundar uns borist hafa athugasemdir frá gestum fundarins; Sigurði Reyni Gíslasyni og Jóni Ólafssyni.
3. **Myndamál.** Þóra greindi frá fundi hennar og starfsmanns með Þorvaldi Bragasyni sem hefur umsjón með mynda- og kortakosti Orkustofnunar. Þóra sagði stofnunina geta látið hópnum í té góðar spot-myndir (loftmyndir) af afmörkuðum landsvæðum. Merkja þyrfti svæðin á korti og síðan mun Þorvaldur og samstarfsmenn hans á OS og ÍSOR setja stafrænar myndir á mynddiska fyrir hópinn.
4. **Heimildaleit.** Þóra lagði fram tvö excel-skjöl með listum yfir landsvæði sem eru á meðal þeirra sem taka á til umfjöllunar og mats. Vinna hópsins mun hefjast með mati á verðmætum svæðanna. Annar listinn tekur til jarðvarma og hinn til vatnsafls. Hópmeðlimir munu skipta með sér þessari vinnu þannig:

Þóra Ellen:

Háplöntur, mosar og fléttur
Víðerni
Landslag
Hitakærar örverur (jarðhiti)
Jarðvegskort (ásamt Sólborgu)

Magnús:

Berggrunnur
Jarðgrunnur
Grunnvatn og lindir (ásamt Hilmar)í
Jarðhiti
Jarðhitakort og yfirborðsummyndanir (jarðhiti)
Viðnámsmælingar (jarðhiti)

Kristján Haukur:

Fuglar
Spendýr
Gróðurkort
Vistgerðarkort

Hilmar:

Grunnvatn og lindir (ásamt Magnúsi)
Vatnsföll og stöðuvötn
Fiskar
Skordýr og smádýr

Sólborg

Jarðvegskort (ásamt Þóru)
Búsetu-, samgöngu- og atvinnuminjar
Saga og þjóðtrú

Freysteinn

Eldstöðvar og gosminjar

5. **Önnur mál.** Í umræðum um ýmis mál var m.a. rætt um að skoða þyrfti strandrof vegna virkjunarframkvæmda. Sólborg hefur haft upp á skýrslu af því tai sem nær til Blöndu. Hún mun senda stafsmanni eintak. Þá var rætt um spálíkön um rof vegna Kárahnjúkastíflu (VST) og annað er laut að hönnun Norðlingaölduveitu en niðurstöður þeirrar skoðunar komu aldrei fram . Loks munu vera komin fram ný gögn varðandi Sultartangavirkjun sem vert er að kanna.
6. **Næsti fundur** verður haldinn í Umhverfisráðuneytinu þann 26. feb. kl. 10:30.